

15. maí 2014



Skjalavarsla sviða, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar 2013

Könnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur



Reykjavíkurborg

Skjalavarsla sviða, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar 2013

Könnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2014

Skjalavarsla sviða, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar 2013

Könnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Maí 2014

www.borgarskjalasafn.is

Ritstjórn: Gísli Jón Kristjánsson og Svanhildur Bogadóttir

Forsíðumynd: Svanhildur Bogadóttir

Umbrot: Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentun: Háskólaprent

ISBN 978-9979-72-704-0

Efnisyfirlit

Formáli	5
Samandregnar niðurstöður	7
Umræða um niðurstöður, þörf á úrbótum, héraðsskjalasöfn og þörfina á samstilltu átaki	9
i Umræða um niðurstöður könnunarinnar og þörfina á úrbótum	9
ii Héraðsskjalasöfn, hlutverk og skjalavarsla	12
iii Þörf á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga	16
1 Inngangur	17
1.1 Um hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur	17
1.2 Hvað er skjalastjórn?	19
1.3 Skyldur forstöðumanna sviða, stofnana og fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar	20
1.4 Markmið könnunarinnar	21
1.5 Framkvæmd könnunarinnar	22
2 Meginniðurstöður	25
2.1 Ástand skjalavörslu almennt, sbr. málalykil og skjalavistunaráætlun	25
2.1.1 Samanburður við könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins frá 2012	27
2.2 Grisjun / eyðing skjala	29
2.3 Notkun almennra leiðbeininga (handbók) handa starfsmönnum um skjalavörslu og skjalameðferð	30
2.4 Skráningu í málafni, útprentun á málaskrá og notkun handbóka eða leiðbeininga fyrir málafni	31
2.5 Vistun og varðveisla skjala í skjalafni	33
2.6 Aðgangur að skjalafni	34
2.7 Skjalageymsla fyrir eldri skjöl	35
2.8 Hversu lengi eru skjöl vistuð í skjalageymslu	35
2.9 Umfang skjalasafns í hillumetrum	35
2.10 Eldri / úrelt tölvukerfi með gögnum sem hafa varðveislugildi	36
2.11 Skjöl sem hafa gildi og eru geymd á tölvudrifum	36
2.12 Reglur um meðferð trúnaðarskjala	36
2.13 Þekking á starfsemi og þjónustu Borgarskjalasafns Reykjavíkur	36
2.14 Er stuðst við leiðbeiningarit og reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010	37
2.15 Áhugi á að sækja námskeið um grunnþætti skjalavörslu hjá Borgarskjalafni Reykjavíkur	38

2.16 Á Borgarskjalasafn Reykjavíkur að hefja undirbúning að móttöku og varðveislu rafræna skjalasafna?	38
2.16.1 Könnun Þjóðskjalasafns Íslands 2012 og samþykkt rafræna skjalavörslukerfa hjá ríkinu.....	39
2.17 Annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri varðandi Borgarskjalasafn og / eða skjalamál Reykjavíkurborgar.....	40
3 Niðurstöður við einstökum spurningum könnunarinnar	41
Heimildaskrá.....	77
Viðauki A - Spurningar í könnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur 2013	79
Viðauki B - Nokkur hugtök og skýringar	81

Formáli

Reglulegar kannanir á ástandi skjalavörslu og skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg eru mikilvægar til þess að fá yfirsýn yfir stöðu mála hjá borginni í heild sinni og til að fá samanburð við ríkið. Slíkar kannanir eru einnig hluti af eftirliti Borgarskjalasafns Reykjavíkur með afhendingarskyldum aðilum.

Sú könnun sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu fór fram síðsumars og haustið 2013. Tilgangur hennar var meðal annars að kanna hvort breytingar hefðu orðið á ástandi skjalavörslu og skjalastjórn frá síðustu könnun sem gerð var árið 2006 en safnið vann einnig slíka könnun árið 1998. Könnunin veitir borgaryfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um ástand skjalamála og mun nýtast Borgarskjalasafni vel við að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og eftirlit á næstu árum.

Á undanförunum árum hafa kröfur aukist til skjalavörslu aðila og gefnar hafa verið út reglur og handbækur um skjalavörslu sveitarfélaga sem kynntar hafa verið af Borgarskjalasafni innan Reykjavíkurborgar. Skjalavarsla aðila er lögbundin og meðal annars er aðilum skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg. Lög og reglur um skjalavörslu eru hluti af vinnuumhverfi opinberra aðila og þeim ber að fylgja.

Borgarskjalasafn hefur á undanförunum árum lagt með margvíslegum hætti áherslu á að vinna að því að bæta ástand skjalavörslu hjá stofnunum borgarinnar. Smátt og smátt eru fleiri aðilar með samþykktu málalýkla og skjalavistunaráætlanir og safnið hefur staðið fyrir námskeiðum og ráðgjöf um skjalamál fyrir stofnanir.

Niðurstöður könnunarinnar sem hér um ræðir eru því ákveðin vonbrigði. Ljóst er að margar stofnanir og starfseiningar Reykjavíkurborgar uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru í lögum og þurfa að bæta skjalavörslu sína verulega. Rætt er um að hefja rafræna langtímaavörslu á næstu árum. Forsenda þess að hægt verði að fara í hana með skipulögðum hætti er að almenn skjalavarsla sé í lagi og uppfylli lagalegar skyldur. Til að svo megi verða þarf að fara í samstillt átak yfirstjórnar og starfseininga Reykjavíkurborgar til þess að bæta skjalavörslu, sem krefst þekkingar, agaðra vinnubragða, sérhæfðra starfsmanna, aðstöðu og annarra nauðsynlegra aðfanga. Til að ráða bragarbót á því ástandi sem er í dag, þarf að vinna raunhæfa úrbótaáætlun með markvissri framkvæmd, stöðugri eftirfylgni og reglulegum mælingum á árangri.

Þá er ljóst að Borgarskjalasafn þarf að auka ráðgjöf sína við afhendingarskylda aðila og reglubundið eftirlit. Í dag hefur Borgarskjalasafn ekki frekar en önnur héraðsskjalasöfn sérstakan starfsmann eða starfsmenn til að sinna ráðgjöf og eftirliti með skjalastjórn

afhendingarskyldra aðila, sem þó er hluti af skyldum safnanna samkvæmt lögum og reglum.

Það er von mín að þær niðurstöður sem hér birtast geti orðið grundvöllur samstarfs allra sem að þessum málum koma og að þessi skýrsla megi verða þeim gott vegarnesti.

A handwritten signature in blue ink, reading "Svanhildur Bogadóttir". The signature is fluid and cursive, with a large initial 'S'.

Svanhildur Bogadóttir,
borgarskjalavörður

Samandregnar niðurstöður

Sú könnun sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu fór fram á vegum Borgarskjalasafns Reykjavíkur sumarið og haustið 2013. Könnunin var send til 187 afhendingarskyldra aðila hjá Reykjavíkurborg og svöruðu 153 þeirra, eða 81,82%. Meginmarkmið könnunarinnar var að meta stöðu og skipulag skjalastjórnar hjá sviðum, stofnunum, byggðasamlögum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar m.t.t. gildandi laga, reglna og fyrirmæla.

Svörin í þessari könnun sýna að grundvallarþáttum skjalastjórnar stofnana, sviða og fyrirtækja Reykjavíkurborgar er verulega áfátt með tilliti til laga og reglna. Þetta er í meginráttum svipuð niðurstaða og varðandi skjalavörslu ríkisins árið 2012 sem kynnt var í skýrslu Þjóðskjalasafns Íslands *Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012* í maí 2013.

Við samanburð á könnunum Borgarskjalasafns Reykjavíkur frá árunum 2006 og 2013 þá virðist staða skjalavistunar og skjalastjórna hafa lagast að hluta en er þó enn langt frá því að teljast ásættanleg.

Í þessari könnun kemur m.a. í ljós að hjá meirihluta skilaskyldra aðila eru grundvallarþættir eins og notkun málalykla, skjalavistunaráætlana og notkun leiðbeininga eða handbóka um skjalavörslu og skjalameðferð ekki í lagi, skv. svörum þátttakenda, (sjá töflu 1.).

Tafla 1. Samanburður þriggja grundvallarspurninga um skjalastjórn úr niðurstöðum spurningakönnunar Borgarskjalasafns árið 2013, skv. svörum þátttakenda

	Já %	Nei %
▪ Er skjölum raðað eftir málalykli?	41,89	58,11
▪ Er starfað eftir skjalavistunaráætlun?	43,57	56,43
▪ Eru til almennar leiðbeiningar (handbók) handa starfsmönnum um skjalavörslu og skjalameðferð?	39,29	60,71

Þó ber að taka þessar tölur með fyrirvara því ef rýnt er nánar í niðurstöðurnar er útkoman í raun verri en taflan sýnir.

Þannig virðist mikill minnihluti stofnana borgarinnar hafa komið skjalavörslu og skjalastjórn að fullu í lag m.t.t. gildandi laga og reglna. Því séu svör við grundvallarspurningum um skjalastjórn, þ.e. málalykil og skjalavistunaráætlun, skoðuð nánar kemur í ljós kom að einungis 43 aðilar voru með samþykktan málalykil á þessu tíma og sami fjöldi var með gilda samþykktu skjalavistunaráætlun eða 22,99%, en könnunin var send til 187 aðila eins og áður sagði, (sjá töflu 2.).

Því má álykta einungis út frá þessum tveimur þáttum, þ.e. málalyklum og skjalavistunar-áætlunum, að verulega skorti á að skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg sé í fullu samræmi við gildandi lög og reglur.

Tafla 2. Raunveruleg staða, varðandi hlutfall samþykktra málalykla og skjalavistunar-áætlana, hjá Reykjavíkurborg (m.t.t. laga og reglna), í könnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur árið 2013

	Já %	Nei %
▪ Samþykktir málalyklar	22,99	77,01
▪ Samþykktar skjalavistunaráætlanir (þ.e. áætlanir lagðar fyrir viðkomandi safn)	22,99	77,01

Það kemur því ekki á óvart að tæplega 80% svarenda könnunarinnar, eða 113 af 143, hafa áhuga að sækja námskeið um grunnþætti skjalavörslu á vegum Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

Þá er flestum öðrum atriðum skjalavistunar og skjalastjórnar ábótavant samkvæmt könnuninni. Hér má nefna þætti eins og grisjun og eyðingu skjala, skráningu í málafn, notkun handbóka eða leiðbeininga, vistun og varðveislu skjala í skjalasafni ásamt varðveislu og meðferð tölvupósta.

Sem dæmi má nefna að í könnuninni var spurt um hvort öll erindi sem berast stofnun / fyrirtæki / starfsmönnum í sendibréfi eða tölvupósti væru skráð í málafn. En 82,31% svarenda, eða 121 af 147, tilgreina að svo sé **ekki** þrátt fyrir afdráttarlaus fyrirmæli í lögum og reglum um skráningu. Þá er það verulegt áhyggjuefni hversu margir aðilar segjast varðveita tölvupósta á einka- eða sameiginlegum tölvudrifum, þ.m.t. tölvupósthólfum en ekki í málafni eins og vera ber.

Sá þáttur skjalastjórnar sem kom áberandi best út í könnuninni var að tæp 90% svarenda, eða 125 af 139, tilgreina að ákveðnar reglur gildi um meðferð trúnaðarskjala hjá viðkomandi aðilum.

Umræða um niðurstöður, þörf á úrbótum, héraðsskjalasöfn og þörfina á samstilltu átaki

i Umræða um niðurstöður könnunarinnar og þörfina á úrbótum

Niðurstöður könnunar Borgarskjalasafns Reykjavíkur árið 2013 sýna að verulegra úrbóta er þörf varðandi skjalavörslu og skjalastjórn sviða, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar með tilliti til ákvæða laga og reglna. Þetta er í meginráttum svipuð niðurstaða og ástand skjalavörslu ríkisins árið 2012 sem kynnt var í könnun Þjóðskjalasafns Íslands í maí 2013.

Með lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66 frá árinu 1985, reglum Þjóðskjalasafns frá 2010 og með handbók Þjóðskjalasafns um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010 hefur í raun verið innleitt formlegt skjalavörslu- og skjalastjórnarkerfi fyrir sveitarstjórnarstigið. Kerfið nær jafnt til vistunar skjala á pappírformi og rafrænnar vistunar. Þá skiptir ekki máli hvort viðkomandi skilaskyldur aðili er stór eða smár eða hvert eðli starfseminnar er (t.d. leikskólar) því eftir kerfinu eiga allir að fara.

Samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands liggur ábyrgð, varðandi framkvæmd ákvæða um fyrirkomulag skjalavistunar og skjalastjórnar, hjá forstöðumönnum stofnana, fyrirtækja eða annarra skilaskyldra aðila. Því er brýnt að þeir meti og geti metið hvar úrbóta er þörf og að þeim sé gert kleift að ráðast í lagfæringar á sínum vinnustað. Forsenda vel heppaðra úrbóta er að forstöðumennirnir sjálfir búi yfir haldgóðri þekkingu á þeim kröfum sem löggjafinn gerir um skjalavörslu sveitarfélaga.

Því ber þó að halda til haga að í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, sem Þjóðskjalasafns Íslands gaf út árið 2010, segir á bls. 14:

Framkvæmdastjóri sveitarfélags ber alla ábyrgð á að skjalavarsla sveitarstjórnarskrifstofunnar uppfylli ákvæði laga og reglugerða og lúti kröfum og reglum Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu.

Að framansögðu má ráða að í tilfalli Reykjavíkurborgar er það borgarstjóri sem er endanlega ábyrgur fyrir skjalavörslu og skjalastjórn hjá stjórnarsýslu borgarinnar.

Þegar skoðuð er þessi könnun Borgarskjalasafns sem og aðrar kannanir er varða skjalavörslu, t.d. könnun Þjóðskjalasafns frá 2012, kemur í ljós verulegt frávik annars vegar á stefnu stjórnvalda um skjalavörslu og skjalastjórn (sbr. lög um Þjóðskjalasafn Íslands) og hins vegar á þeim raunveruleika sem kannanir sýna. Það er því ljóst að í áratugi hefur framkvæmd skjalavörslu og skjalastjórnar ekki verið í neinum takti við löggjöfina eða stefnu stjórnvalda og væntanlega ekki verið talið forgangsmál að svo væri.

Þegar raunveruleikinn (þ.e. staða skjalavörslu og skjalastjórnar) er ekki í neinum takti við gildandi lög og reglur í nokkra áratugi hlýtur það að vera tilefni til sérstakrar skoðunar.

Ljóst er að flesta aðila skortir eftirfarandi forsendur til að geta sinnt lögbundnum skyldum um skjalavörslu og skjalastjórn:

1. Fjármagn (aðföng) til fjárfestingar í umbótum / lagfæringum á skjalavörslu og skjalastjórnarkerfum.
2. Almenna þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til skjalavörslu og skjalastjórnar og hvernig eigi að uppfylla þær.
3. Hvatningu og leiðsögn til umbóta í skjalavörslu og skjalastjórn.
4. Aðgang að þekkingu og aðstoð við uppbyggingu skjalavörslu og skjalastjórnarkerfa.
5. Afhendingarskylda aðila skortir starfskrafta til að vinna við skjalastjórn þannig að hægt sé að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um skjalavörslu og til skjalastjórnarkerfa.

Ef vinna á eftir hinu formlega og lögbundna skjalavörslu- og skjalastjórnarkerfi frá árinu 2010 þá er það í raun forsenda að við skjalavörslu og skjalastjórn hverrar starfseiningar (stofnun, svið eða fyrirtæki) vinni sérhæfður starfsmaður eða starfsmenn sem búi yfir þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru.

Til að hægt sé að taka á núverandi ástandi í skjalavörslu sveitarfélaga og ríkisins verða stjórnvöld að endurskoða framkvæmd á núverandi löggjöf (stefnu) með tilliti til þess árangurs sem náðst hefur frá árinu 1985. Ekki er æskilegt að leiða í lög reglur og fyrirmæli án þess að þeim sé fylgt eftir markvisst m.t.t. raunverulegrar stöðu. Löggjöfinni þarf að fylgja raunhæf úrbóta-áætlun, markviss framkvæmd, stöðug eftirfylgni, virkt eftirlit og reglulegar mælingar á árangri.

Skjalavarsla krefst agaðra vinnubragða og nauðsynlegt er að koma grunnatriðum skjalavörslu í lag áður en farið er í almenna rafræna langtímaavörslu skjala, þó hún sé eðlilegt næsta skref. Grunninn þarf og verður að leggja fyrst því að skjalavistun og skjalastjórn snýst fyrst og fremst um aðferðafræði og vinnulag en ekki tölvutæknina sem slíka.

Fram kemur í skýrslu Þjóðskjalasafns Íslands og menntamálaráðuneytisins frá árinu 2009¹ og víðar² að varðveisla rafræna gagna er mun flóknara viðfangsefni en varðveisla pappírsgagna. Ætli Reykjavíkurborg að taka upp rafræna langtímaavörslu skjala á næstu árum, verður **nú þegar** að hefjast handa við að koma grunnatriðum skjalavörslu í lag, svo sem að nota samþykktá málalykla, skrá skjöl í málakerfi og raða upp með skipulögðum hætti, vera með samþykktar skjalavistunaráætlanir og hafa ákveðna verkferla fyrir starfsmenn í skjalamálu.

¹ Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og menntamálaráðuneytisins um skil á rafrænu skjalavörsluakerfi til langtímaavörslu í Þjóðskjalasafni (2009), bls. 8. http://skjalasafn.is/files/docs/skyrsla_mrn_light.pdf

² Skýrsla um stöðu þekkingar og færni á langtímaavörslu stafræns efnis (2007), bls. 4.

Tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Ríkisskattstjóra um skil á rafrænum gögnum til langtímaavörslu í Þjóðskjalasafni (2007), bls. 5.

Líta má á núverandi löggjöf eða stefnu og framkvæmd hennar, er varðar skjalavistun og skjalastjórn, sem fjárfestingu til framtíðar. Henni er ætlað að skila framtíðararði m.a. með bættu vinnulagi, aukinni framleiðni auk annars ávinnings eins og bættri réttarstöðu almennings, varðveislu menningarverðmæta (þjóðararfs Íslendinga) og fleira. Slíkri fjárfestingu þarf að fylgja traust umgjörð sem tryggir markvissa og raunhæfa framkvæmd, virkt eftirlit og eftirfylgni með úrbótum eins og áður var vikið að.

Ef niðurstöður kannana á ástandi skjalavörslu og skjalastjórnar eru skoðaðar má vera ljóst að markmiðum lagasetningarinnar frá árinu 1985 um Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki verið náð nema að verulega takmörkuðu leyti. Þessi niðurstaða vekur upp spurningar um orsakir þessa nú tæpum 30 árum eftir að lögbundnar skyldur voru lagðar á afhendingarskylda aðila. Hún kallar á umræðu um stöðu og gildi núverandi og tilvonandi laga um skjalavörslu og skjalastjórn.

Hvernig ætlar löggjafinn og framkvæmdavaldið að tryggja með raunhæfum hætti að markmið laga er varða skjalavörslu og skjalastjórn náist? Í 4. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands er t.d. kveðið á um hlutverk Þjóðskjalasafns varðandi eftirlit með og ráðgjöf til allra afhendingarskyldra aðila, þar segir í 2. tölul. að hlutverk safnsins sé að líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila og láta þeim í té ráðgjöf. Enn fremur segir í 8. tölul. 4. gr. að Þjóðskjalasafni beri að líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnanna sem varðveita opinber skjöl.

Framkvæmdavaldið, þ.e. viðkomandi ráðuneyti og Þjóðskjalasafn, og fjárveitingarvaldið hafa ekki sinnt þessum grundvallarþáttum sem eru og hafa verið forsenda þess að skjalavistunarmál afhendingarskyldra aðila komist í lag og verði í lagi. Í stefnu stjórnvalda um árangursríkan ríkisrekstur frá árinu 2007 er kveðið á um um virkt yfirstjórnarhlutverk ráðuneyta og áréttuð sú skylda ráðuneytanna að hafa eftirlit með framkvæmd stefnu stjórnvalda varðandi verkefni sem löggjafinn hefur falið þeim að sinna. Einnig kemur þar fram að huga þurfi vel að eftirliti með framkvæmd á stefnu stjórnvalda og mati á árangri.³

Könnun Borgarskjalasafns Reykjavíkur frá 2013, könnun Þjóðskjalasafns Íslands frá 2012 og aðrar kannanir varðandi skjalavörslu sýna m.a. að eftirlits- og ráðgjafarþátturinn í löggjöfinni frá 1985 hefur brugðist.

Rétt er að minna á að í athugasemdum við 4. gr. frumvarps til laga um Þjóðskjalasafn Íslands segir um mikilvægi eftirlits og ráðgjafar:

Eitt helsta nýmælið í þessu lagafrumvarpi felst óefað í 2. lið greinarinnar. Þar er gert ráð fyrir því að Þjóðskjalasafn líti eftir skjalavörslu aðila og láti í té ráðgjöf og upplýsingar um þessi efni. Slíkt eftirlit og ráðgjöf í sambandi við hana þykja sjálfsagður og ómissandi þáttur í starfsemi hliðstæðra stofnana á Norðurlöndum og víðar. Til þessa hafa tengsl Þjóðskjalasafns við afhendingarskylda aðila verið mjög óveruleg og safnið hefur ekki fylgst með aðferðum við skjalavörslu, meðferð skjala eða afdrifum þeirra eftir að þau hafa verið lögð til hliðar.

Vilji löggjafans varðandi eftirlit og ráðgjöf hefur því ekki verið virtur þó tilefnið væri ærið. Þá má einnig minna á að í fylgiskjali I með frumvarpinu segir t.d. í álit skjalavörslunefndar frá 1981:

³ *Stefna um árangursríkan ríkisrekstur frá 2007* (2014), bls. 3.

http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Stefna-um-arangursrikur-rikisrekstur.pdf

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að skjalavörsluaðferðir okkar Íslendinga standi langt að baki því sem tíðkast í öllum nálægum löndum og stefni raunar í fullkomið öngþveiti ef ekki verður hið fyrsta gert verulegt átak til að skipuleggja vörslu skjala.

Hér þarf sýnilega að gera myndarlegt átak sem fyrst; úrbótin verður óhjákvæmilega dýrari eftir því sem hún kemur síðar, og dýrast af öllu er að láta reka á reiðanum í þessum efnunum áfram.

Helstu nýmæli lagafrumvarpsins stefna að því að veita Þjóðskjalasafni aukið vald og leggja á það aukna skyldu til að líta eftir skjalavörslu opinberra stofnana [...].

Hafa ber í huga í þessu sambandi að spurningakannanir eru ekki raunverulegt eftirlit eða hluti af slíku eftirliti. Þær eru eins og nafnið bendir til einungis „spurningakannanir“, þ.e. eingöngu mat eða viðhorf þátttakenda ræður niðurstöðunni. Eftirlit felst í því að kanna og sannreyna, oftast á vettvangi, með mati og / eða mælingum hvernig verkefni eru raunverulega framkvæmd (eða raunverulegt ástand metið), t.d. með tilliti til tiltekinna krafna. Þannig er eftirlit kerfisbundin aðgerð, byggð á upplýsingum um raunverulegan árangur (mælingar, gátlistar, gögn, auk úrvinnslu), til að aðlaga framkvæmd (starfsemi, vinnubrögð, verklag ofl.), að fyrirfram ákveðnu markmiði, (t.d. kröfur í lögum, reglum eða fyrirmælum).

Þá voru augljósir vankantar á löggjöfinni, t.d. eru engin viðurlög í gildandi lögum kjósi afhendingarskyldir aðilar að hafa þau að engu.

Þess má þó geta að í frumvarpi til laga um opinber skjalasöfn sem nú liggur fyrir Alþingi er að finna nýmæli um refsheimildir vegna brota á lögnum. Verði ákvæði 44. gr. frumvarpsins óbreytt að lögum geta forstöðumenn afhendingarskylda aðila geta átt von á sektum eða fangelsi allt að þremur árum brjóti þeir gegn ákvæðum laganna af ásetningi eða með stórkostlegu gáleysi.

ii Héraðsskjalasöfn, hlutverk og skjalavarsla

Ljóst er að bæði með löggjöf, reglum og leiðbeiningum er héraðsskjalasöfnum líkt og Borgarskjalasafni Reykjavíkur falið mikilvægt stjórnarsýsluhlutverk, m.a. við ráðgjöf, námskeiðahald, eftirlit með afhendingarskyldum aðilum, samþykktir á skjalavistunaráætlunum, málalýklum og rafrænum skjalavörslukerfum stofnana og fyrirtækja.

Tryggja verður þessum aðilum líkt og Þjóðskjalasafni nauðsynleg aðföng s.s fjármagn, stöðugildi og aðstöðu svo þeir hafi burði til að sinna sínu lögbundna hlutverki eins og eðlilegt er og til er ætlast. Í þessu samhengi má benda á að í gildandi reglugerð nr. 283 frá 1994 um héraðsskjalasöfn segir í 1. gr. *“Héraðsskjalasafn er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands [...]. Skal þess gætt að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi og fjárhagslegur rekstur héraðsskjalasafns tryggður [...].”*

Í *Handbók Þjóðskjalasafns Íslands* frá 2010 er fjallað um hlutverk héraðsskjalasafna, en þar segir:

Héraðsskjalasöfn sinna ráðgjöf og leiðbeiningum um skjalavörslu, samþykkja málalykla, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur hjá sveitarfélögum og stofnunum sveitarfélaga í þeirra umdæmi. Héraðsskjalasöfnin taka til varðveislu skjöl frá skilaskyldum aðilum í þeirra umdæmum, hvort sem skjölin eru varðveitt á pappír eða rafrænt. Jafnframt eiga héraðsskjalasöfnin að hafa eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila í þeirra umdæmi.⁴

Hér skal sérstaklega bent á orðalagið „sinna ráðgjöf og leiðbeiningum“, „samþykkja málalykla, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur“ og að héraðsskjalasöfnin eigi „að hafa eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila í þeirra umdæmi“.

Í ljósi þessara verkefna má benda á úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna frá 2008 sem lýsir raunverulegri stöðu. Þar segir m.a. um rekstur, starfsmenn og fækkun stöðugilda hjá 20 héraðsskjalasöfnum:

Á tveimur héraðsskjalasöfnum er enginn starfsmaður, á öðrum tveimur er starfshlutfallið 0,15% og á sex söfnum er um að ræða hálfu stöðu. Stöðugildum hefur ekki fjölgað á söfnunum frá 2004 [...]. Þá eru fimm söfn með eitt og upp í 1,75% stöðugildi.

Á söfnum þar sem forstöðumaður er í hálfu starfi eða minna, t.d. á móti stöðu á bókasafni, sitja verkefni tengd skjalasöfnunum oft á hakanum [...]. Fagleg umræða tengd skjalavörslu er lítil eða engin þar sem svo háttar til [...].⁵

Í 12. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands er að finna heimild til handa safnstjórn Þjóðskjalasafns til að leyfa stofnun héraðsskjalasafns en í athugasemdum við greinina í frumvarpi til laganna segir:

Í þessu frumvarpi er heimild til handa stjórn Þjóðskjalasafns til þess að leyfa stofnun héraðsskjalasafns, séu fyrir hendi fullnægjandi aðstæður að mati safnstjórnar. Mörg þeirra héraðsskjalasafna, sem stofnuð hafa verið, eru vanburðug og munu í sumum tilvikum ekki vera annað en nafnið tómt. Því er æskilegt að sveitarfélög sameinist tvö eða fleiri um stofnun héraðsskjalasafns. Samkvæmt 11. gr. þessa frumvarps getur safnstjórn Þjóðskjalasafns stuðlað að slíkri samvinnu þar eð hún getur neitað um leyfi til stofnunar héraðsskjalasafns ef henni sýnist svo.

Heimildin er þannig bundin skilyrðum s.s. að fyrir hendi séu „fullnægjandi aðstæður“ að mati safnstjórnar, þ.e. að fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði séu fyrir hendi að mati þjóðskjalavarðar.⁶ Þá getur stjórnarnefnd (safnstjórn) Þjóðskjalasafns „neitað um leyfi til stofnunar héraðsskjalasafns sýnist henni svo“.

Sé aftur litið til úttektar Þjóðskjalasafns Íslands á starfsemi tuttugu héraðsskjalasafna frá árinu 2008, eða um tuttugu og þremur árum eftir lagasetninguna, má spyrja sig hvað stjórnarnefndin (safnstjórnin), eða þjóðskjalavörður sem framkvæmir í raun þetta mat skv. lögnum, telji vera „fullnægjandi aðstæður“ þegar niðurstaða úttektarinnar sýndi að starfandi voru tvö héraðsskjalasöfn með engan starfsmann, önnur tvö með starfshlutfallið 0,15% og hjá sex söfnum var um að ræða hálfu stöðugildi á árinu 2008.

⁴ Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns Íslands, bls. 13.

http://skjalasafn.is/files/docs/handbok_sveitarfelog.pdf

⁵ Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð - Úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna haustið 2008, bls. 25.

http://skjalasafn.is/files/docs/heradsskjalasofn_skyrsla_2008.pdf

⁶ Sjá 12. gr. laga um um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.

Í ljósi þess sem að framan greinir má ljóst vera að mörg héraðsskjalasöfn hafa haft litla eða enga burði til að sinna sínu hlutverki þrátt fyrir ákvæði í 4. gr. laganna um að Þjóðskjalasafn skuli „líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna“, auk 12. gr. laganna varðandi kröfur um „fullnægjandi húsnæði og önnur skilyrði“. Í fyrstu grein reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283 / 1994 eru einnig sambærileg ákvæði, um að söfnin lúti „faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands“ og þess gætt að „fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi og fjárhagslegur rekstur héraðsskjalasafns tryggður [...]“.

Í 16. gr laga um Þjóðskjalasafn Íslands frá 1985 er mælt fyrir um styrki til safnanna en þar segir að héraðsskjalasöfn skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, og er þetta ákvæði tekið óbreytt úr eldri lögum, þ.e. lögum um héraðsskjalasöfn nr. 7 / 1947. Í greinargerð með frumvarpi til laga um héraðsskjalasöfn árið 1946 segir um ákvæðið er varðar árlega styrki frá Alþingi:

Að heppilegra sé og eðlilegra, að ríkið styrki héruð og kaupstaði til að koma upp skjalageymslum og bókhöðum, en að byggja yfir öll skjöl og bækur í Reykjavík.

Þannig er það vilji og stefna löggjafans að fullburða og faglega rekin héraðsskjalasöfn starfi um land allt. Þá sé það bæði „heppilegt og eðlilegt“ að ríkið styrki héruð og kaupstaði þannig að svo megi vera.

Úthlutun þessara styrkja, eða „rekstrarstyrkja“, sbr. ákvæði 13. greinar reglugerðar nr. 283 / 1994 um héraðsskjalasöfn, hefur verið bæði fálmennd og ógegnisæ í gegnum tíðina eins og skýrsla héraðsskjalavarðanna Hrafns Sveinbjarnarsonar, Hrafnkels Lárussonar og Þorsteins Tryggva Mátssonar til stjórnar Félags héraðsskjalavarða, *Um fjárframlög ríkisins til héraðsskjalasafna á Íslandi 1985-2012 frá 2012, sýnir.*

Í skýrslunni kemur m.a. fram sú alvarlega staðreynd að um árabíl hélt Þjóðskjalasafn Íslands eftir umtalsverðum upphæðum af framlagi til héraðsskjalasafna og greiddi þær ekki út eins og lög gera ráð fyrir. Á árabílinu frá 1997 til og með ársins 2009 nam þessi upphæð 24 milljónum króna, uppsafnað skv. skýrslunni, en það samsvarar á föstu verðlagi rúmum 46 milljónum króna í dag. Í niðurstöðu segja skýrsluhöfundar: „Framkvæmd greiðslnanna hefur verið alfarið í valdi og eftir geðþótta Þjóðskjalasafns Íslands og ekki miðast við hagsmuni og þarfir héraðsskjalasafnanna“.

Þá hefur Þjóðskjalasafn Íslands einhliða samið „Viðmiðunarreglur“ um hvernig árlegur styrkur frá Alþingi dreifist til héraðsskjalasafna. Ekki er að sjá að slíkar úthlutunarreglur safnsins byggji á lagastoð, né heldur einstaka liðir eða þættir í þeim sem margir orka mjög tvímælis. Bent skal á að í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands segir í 23. gr. „Ráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara“, en ekki Þjóðskjalasafn Íslands.


Fjárveitingar ríkisins í formi árlegra styrkja til héraðsskjalasafna eru mjög óverulegar og nánast rétt til málamynda miðað við þær stjórnarsýsluskyldur sem þeim er ætlað að annast. Löggjafinn og stjórnvöld gera stöðugt meiri kröfur til afhendingarskyldra aðila og til héraðsskjalasafna, nú síðast með ítarlegum reglum og fyrirmælum frá árinu 2010, en á sama tíma lækka fjárframlögin.

Í ljósi þess að verulega hefur skort á að héraðsskjalasöfn fái nauðsynleg og eðlileg fjárframlög frá ríkinu til að sinna lögbundnum stjórnarsýsluskyldum sínum, m.a. vegna eftirlits og ráðgjafar, auk

Þess að samþykkja málalykla, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur, þá er ljóst að endurskoða þarf þetta fyrirkomulag sem stuðst hefur verið við frá árinu 1947.

Nauðsynlegt er að sveitarfélögin, ríkisvaldið og Alþingi semji um eðlilega kostnaðarskiptingu vegna þessara verkefna sem einhliða hefur verið velt yfir á héraðsskjalasöfn landsins, án þess að fjárveitingar hafi fylgt. Ekki er æskilegt að slík fjárframlög séu í formi styrkja þar sem um reglubundin og varanleg verkefni er að ræða.

Þróun rekstrarstyrkja til Borgarskjalasafns Reykjavíkur má sjá á eftirfarandi grafi og nær það yfir árabilið 2004 til og með 2014, en talan fyrir 2014 er áætluð út frá fyrstu greiðslum til safnsins á árinu. Tölurnar hafa verið leiðréttar með tilliti til verðlagsbreytinga, þ.e. þróunar vísitölu neysluverðs, og þá má sjá að árlegur rekstrarstyrkur hefur lækkað umtalsvert síðustu ár, án eðlilegra skýringa. Það sama gildir um flest önnur héraðsskjalasöfn.



Mynd 1. Þróun árlegra rekstrarstyrkja til Borgarskjalasafns Reykjavíkur (á föstu verðlagi - vísitala neysluverðs) árin 2004 – 2014

Þess má geta að styrkur ríkisins til Borgarskjalasafns Reykjavíkur fyrir árið 2014 nemur alls 613 þús. kr. en það samsvarar 51 þús. kr. á mánuði. Þessi styrkur samsvarar 0,6% af áætluðum rekstrar-kostnaði Borgarskjalasafns fyrir árið 2014.

Vilji stjórnvalda til úrbóta í skjalavistunar- og skjalastjórnarmálum virðist því nú eins og undanfarna áratugi aðeins vera í orði en ekki í verki. Það afhjúpar ef til vill langvarandi þekkingar- og skilningsleysi á mikilvægi málaflokksins fyrir land og þjóð.

iii Þörf á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga

Þær kannanir á ástandi skjalavörslu sem Þjóðskjalasafn Íslands vann á árinu 2012 og birti árið 2013 og sú sem Borgarskjalasafn vann á árinu 2013 og birtir nú, gefa dökka mynd af ástandi skjalavörslu og sýna að veruleg þörf er á að bæta skjalavörslu og skjalastjórn bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Ræða þarf opinskátt og fordómalaust um hverjar séu ástæður þess að svo er komið fyrir stjórnýslunni og hvaða leiðir séu færar til raunverulegra úrbóta.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem lögð var fram 12. apríl 2010 er víða að finna ábendingar og athugasemdir sem lúta að skorti á nauðsynlegum undirbúningi ákvarðana, formfestu, skráningu og úrvinnslu upplýsinga. Í heild má segja að þessar aðfinnslur nefndarinnar lúti að skorti á formfestu og upplýsingavinnslu í stjórnýslunni. Í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytis *Viðbrögð stjórnýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis* sem gefin var út í maí 2010 segir: „[...] er lagt til að gert verði átak til að bæta vinnubrögð stjórnvalda og skýra skyldur starfsmanna hins opinbera, m.a. um skráningu upplýsinga og almennt um skýrleika og aga í vinnubrögðum.“

Samstillt átak stjórnvalda og sveitarfélaga þarf til að koma skjalavörslu og skjalastjórn ríkis og sveitarfélaga, þar með talið hjá Reykjavíkurborg, í viðunandi horf miðað við gildandi lagareglur. Framkvæmd núverandi laga hefur verið verulega áfátt um langt árabíl og ábyrgð þessa liggur fyrst og fremst hjá stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa t.d. ekki fylgt löggjöfinni eftir með raunhæfum og markvissum úrbótaáætlunum, virku eftirliti og eftirfylgni ásamt reglulegum mælingum á árangri.

Auka þarf samstarf opinberu skjalasafnanna varðandi stjórnýslulegt hlutverk þeirra, þ.e. Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna, á jafnræðisgrundvelli þannig að þau vinni sameiginlega að því að finna leiðir til að að efla opinbera skjalavörslu og skjalastjórn. Ljóst er að ríkið þarf að vera leiðandi í því að finna leiðir til að lagfæra ástand skjalamála og fjármagna nauðsynlegar úrbætur í skjalavörslu í stjórnýslu bæði ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin þurfa einnig að axla ábyrgð og koma skjalamála sínum í lag og leggja til þess nauðsynleg aðföng.

Góð skjalavarsla ríkis og sveitarfélaga er nauðsynleg til að tryggja samfellu og samræmi í störfum stjórnýslunnar þannig að upplýsingar sem lúta að forsendum ákvarðana séu skráðar og haldið til haga með skipulögðum hætti. Þetta er einnig mikilvægt til þess að stjórnýslan geti sýnt fram á að hún hafi byggt ákvarðanir sínar á réttmætum rökum og þannig viðhaldið því trausti á störfum sínum sem nauðsynlegt er. Þannig bætir góð skjalavarsla stjórnýslu og stjórnarfar og er mikilvæg til að styðja við gegnsæi í ákvarðanatöku og tryggja hagsmuni borgaranna og aðhald þeirra með stjórnvöldum.

1 Inngangur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er eftirlitsaðili með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila hjá Reykjavíkurborg. Afhendingarskyldir aðilar hjá borginni þurfa samkvæmt lögum samþykki Borgarskjalasafns m.a. fyrir notkun málalykla, skjalavistunaráætlana og fyrir grisjun / eyðingu skjala í skjalasöfnum. Þó er að finna grisjunarheimildir í reglum Þjóðskjalasafns um grisjun í skjalasöfnum, nr. 627 frá 2010. Það er því eitt af hlutverkum safnsins að kanna hvernig skjalavörslu afhendingarskyldra aðila hjá Reykjavíkurborg er háttað.

Með lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994, reglum Þjóðskjalasafns frá 2010 ásamt *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* frá sama ári, hefur í raun verið innleitt formlegt skjalavörslu- og skjalastjórnarkerfi. Hér er um að ræða kerfi sem öllum afhendingarskyldum aðilum innan hvers sveitarfélags ber skylda til að fylgja. Í handbók Þjóðskjalasafns um skjalavörslu sveitarfélaga er heildstætt yfirlit yfir hið formlega kerfi, en í henni er kveðið á um skyldu sveitarfélaga og stofnanna þeirra að fylgja þeim reglum og leiðbeiningum sem birtar eru í handbókinni.⁷

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að sveitarfélög og allir afhendingarskyldir aðilar sveitarfélaga þekki vel til þeirra krafna sem gerðar eru til þeirra í handbókinni.

Árið 2013 framkvæmdi Borgarskjalasafn Reykjavíkur nýja könnun á stöðu skjalavistunarmála hjá sviðum, stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar m.t.t. framangreindra laga, reglna og fyrirmæla um skjalavistun. Könnunin nær til allra grunnþátta í skjalavörslu og skjalastjórn og byggja spurningar hennar á gildandi lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og reglum sem settar eru af Þjóðskjalasafni Íslands á grundvelli laganna. Samsvarandi könnun var áður framkvæmd árið 2006, en einnig framkvæmdi safnið könnun á ástandi skjalavörslu hjá stofnunum borgarinnar árið 1998.

Könnunin birtir því niðurstöður úttektar Borgarskjalasafns á ástandi skjalavörslu sviða, stofnana, byggðasamlaga og fyrirtækja Reykjavíkurborgar á árinu 2013. Við skoðun og mat á niðurstöðum eru hafðar til hliðsjónar niðurstöður í könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2012.

Enn fremur er höfð til hliðsjónar könnun Borgarskjalasafns frá árinu 2006 á ástandi skjalavörslu sviða, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar. Þá er lítillega litið til könnunar Borgarskjalasafns á ástandi skjalavörslu hjá stofnunum borgarinnar frá árinu 1998.

1.1 Um hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur er skilgreint í samþykkt borgarráðs frá árinu 2006 og staðfest af þjóðskjalaverði 2007. Safnið starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og reglum þess frá 2010, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283 frá 1994 og samþykkt borgarráðs frá

⁷ *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns Íslands, bls. 15.
http://skjalasafn.is/files/docs/handbok_sveitarfelog.pdf

2006. Skjalavarsla og skjalastjórn er lögbundin fyrir afhendingarskylda aðila, þ.e. svið, stofnanir og fyrirtæki borgarinnar sbr. framangreind lög, reglur og reglugerð.

Borgarskjalasafn hefur samkvæmt samþykkt borgarráðs m.a. hlutverk stefnumótunar um meðferð og frágang skjala, eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila borgarinnar, gefur út verklagsreglur um skjalavörslu og hefur með höndum ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur því bæði hlutverk stjórnáætlunastofnunar og menningarstofnunar samkvæmt lögum og samþykkt borgarráðs.

Stjórnvaldshlutverk:

- Leiðbeina borgarstofnunum um skjalastjórn.
- Hafa eftirlit með skjalavörslu borgarstofnana.
- Varðveita eldri skjöl borgarinnar á tryggan hátt.
- Hafa skjölin skráð og aðgengileg til notkunar.
- Kynna fyrir almenningi skjöl sem varðveitt eru á safninu og reglur um aðgengi að þeim.
- Svара fyrirspurnum samkvæmt gildandi lögum.
- Liðsinna almenningi og fræðimönnum í upplýsingaleit.

Menningarhlutverk:

- Safna og varðveita skjöl um sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga.
- Rannsaka og kynna sögu Reykjavíkur, til að mynda með sýningum og útgáfum, og þannig efla þekkingu á sögu borgarinnar.
- Stuðla að auknum rannsóknum almennings og fræðimanna á sögu Reykjavíkur.

Meginverkefni Borgarskjalasafns hefur verið móttaka eldri skjala frá stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar, eftirlit og leiðbeiningar um skjalastjórn til stofnana borgarinnar og afgreiðsla fyrirspurna. Ennfremur söfnun einkaskjalasafna, sem eru skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum í Reykjavík.

Borgarskjalasafn er eins og áður sagði eftirlitsaðili með skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og lætur þeim í té leiðbeiningar um skjalavörslu. Safnið stendur fyrir námskeiðum og annarri fræðslu um skjalavörslu fyrir stofnanir borgarinnar. Þá þurfa afhendingarskyldir aðilar m.a. samþykki Borgarskjalasafns fyrir notkun málalykla, skjalavistunaráætlana og fyrir grisjun / eyðingu skjala í skjalasöfnum eins og áður sagði.

1.2 Hvað er skjalastjórn?

Það má telja upp nokkrar ástæður þess að skjalastjórn sé nauðsynleg í stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar:

1. Góð skjalastjórn tryggir að skjöl er varða réttindi almennings og lögaðila séu aðgengileg til notkunar og varðveitt með öruggum hætti.

Góð skjalastjórn tryggir að skjöl sem varða réttindi manna og lögaðila, þar á meðal höfundarrétt og eignarrétt, séu skipulega varðveitt og finnist auðveldlega. Erfitt gæti reynst að halda uppi vörnum fyrir stofnun ef höfðað væri skaðabótamál á hendur henni, til að mynda vegna framkvæmdar starfsmanna hennar, ef skjöl vantar. Útilokað gæti verið að sanna rétt viðkomandi stofnunar og um leið að standa vörð um verðmæti og eignir. Þannig er hætt við að ýmsar ákvarðanir og framkvæmdir yrðu í hættu ef mikilvægar upplýsingar myndu ekki þegar til ætti að taka. Þá má ekki gleyma rétti og hagsmunum aðila máls, þar með talið einstaklinga, til að skoða sín eigin mál. Vönduð skjalastjórn tryggir einnig aðhald almennings gagnvart stjórnvöldum.

2. Góð skjalastjórn er hluti af vönduðum vinnubrögðum.

Skjöl eru notuð til að sanna að stofnanir hafi staðið við skuldbindingar sínar eða til að sýna fram á að góðir stjórnsýsluhættir hafi verið viðhafðir og gagnsæi tryggt. Ákvarðanatöku í stofnunum þarf að standast lagalegar og stjórnsýslulegar kröfur og geta gengist undir endurskoðun og athuganir af ýmsum toga. Til þess getur komið að útskýra þurfi ákvarðanir og gerðir og eru skjöl undirstaða þess að slíkt sé gerlegt.

3. Góð skjalastjórn dregur úr rekstrarkostnaði og eykur framleiðni.

Með góðri skjalastjórn er minni tíma varið í að leita að skjölum og því nýtist verðmætur tími starfsmanna betur. Jafnframt má spara dýrt gólfpláss í skrifstofurými með góðri skjalavistunaráætlun – þar sem eldri skjölum er pakkað reglulega og óþarfa gögnum eytt – enda fara þannig færri fermetrar undir skjöl og skjalaskápa. Þá bætir góð skjalastjórn vinnu og verklag, eykur skilvirkni og bætir þjónustu. Þannig getur skynsamleg, skipuleg og öguð skjalavarsla og skjalastjórn stuðlað að lækkun rekstrarkostnaðar og aukinni framleiðni.

Um hagrænt gildi skipulegrar skjalastjórnar hefur margt verið ritað og er hún m.a. talin ómissandi hluti gæðastjórnunar. Benda má m.a. á viðtal við Brynju Guðmundsdóttur, forstjóra Gagnavinnslnnar, í Viðskiptablaðinu 23. júní 2012 undir fyrirsögninni „Atvinnurekendur hafa vanmetið góða skjalastjórnun. Um 10-15% af tíma starfsfólks fer í það að leita að gögnum“, en þar segir m.a.:

Stjórnendur fyrirtækja hafa um árabíl vanmetið þörfina á skipulagðri upplýsinga- og skjalastjórnun auk vistunar gagna.

Brynja segir rannsóknir hafa sýnt að um 10-15% af tíma starfsfólks fari gjarnan í að leita að gögnum eða skrá óþarfa gögn. Það sé því hægt að hagræða verulega með því að huga vel að upplýsinga- og skjalastjórnun.⁸

Ýmis félög, fyrirtæki og stofnanir hafa tekið upp skjalastefnu fyrir starfsemi sína. VR, stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks hefur t.d. markað sér slíka stefnu sem finna má á vef félagsins. Í stefnunni frá 2013 segir m.a.:

VR myndar og varðveitir skjöl sem sýna fram á starfsemi félagsins og styður við það. VR ber ábyrgð á myndun og varðveislu skjala gagnvart hagsmunaaðilum í samræmi við lög og reglugerðir.

Markmið

- Stuðla að samhæfðu skipulagi á öllum skjölum VR, jafnt ritaðra sem í öðru formi.
- Samræma vinnubrögð til að tryggja einfaldleika ferla og endurheimt skjala.
- Mynda og varðveita skjöl er varpa sýn á starfsemi félagsins sem eykur yfirsýn, rekjanleika og áreiðanleika.
- Tryggja öryggi og heilleika skjala.
- Uppfylla kröfur ytri og innri hagsmuna.
- Stefnan lýsir áherslu VR á heilindi, aðgengi, nýtingu og örugga meðferð skjala / gagna / upplýsinga í eigu og / eða umsjá VR.⁹

Þó það sé ekki lögbundin skylda að einstök svið, stofnanir eða fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar séu með sína formlegu skjalastefnu væri slíkt þó æskilegt því slík stefna myndi án efa koma að gagni við umbætur í skjalavistun og skjalastjórn á viðkomandi vinnustað.

1.3 Skyldur forstöðumanna sviða, stofnana og fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar

Skjalavarsla sviða, stofnana og fyrirtækja er á ábyrgð viðkomandi forstöðumanna. Sviðum, stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar ber að fylgja leiðbeiningum Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns varðandi skjalastjórn, skráningu, flokkun og frágang skjala og að skila skjölum sínum til Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Málalýklar, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur skulu einnig hljóta samþykkt Borgarskjalasafns áður en slíkt er tekið í notkun.

Það er á ábyrgð forstöðumanns að engum skjölum viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis sé eytt nema fyrir liggja samþykki borgarskjalavarðar eða farið sé að reglum Þjóðskjalasafns um grisjun skjala hjá sveitarfélögum. Einnig eru forstöðumenn ábyrgir fyrir því að gerð sé skjalavistunaráætlun fyrir viðkomandi svið, stofnun eða fyrirtæki. Skjalavistunaráætlun er gerð til þess að halda reiðu og hafa yfirsýn yfir skjalasafn viðkomandi aðila og henni skulu jafnframt fylgja eins og við á; málalýkill ásamt formála, grisjunarheimild, geymsluskrá, vinnuleiðbeiningar með skjalasafni og tilkynning á rafrænu kerfi, sbr. reglur Þjóðskjalasafns Íslands nr. 623 frá árinu 2010.

⁸ Viðskiptablaðið, 23. júní 2012. <http://www.vb.is/frettir/73868/>

⁹ VR, stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. <http://www.vr.is/umvr/stefnur-vr/skjalastefna-vr/>

Skjalavistunaráætlun á að leggja fyrir Borgarskjalasafn og skal hún hljóta samþykki borgarskjalavarðar, eins og áður sagði.

Lagaleg ábyrgð og skyldur forstöðumanna skilaskyldra stofnana og fyrirtækja varðandi skjalavörslu og skjalastjórn er tilgreind í 6. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Í greininni segir m.a. „Forstöðumenn skilaskyldra stofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnananna“. Þá segir í 5. gr. laganna að skilaskyldum aðilum sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur.

Ábyrgð framkvæmdastjóra hvers sveitarfélags er einnig áréttuð í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* en þar segir: „Framkvæmdastjóri sveitarfélags ber alla ábyrgð á að skjalavarsla sveitarstjórnarskrifstofunnar uppfylli ákvæði laga og reglugerða og lúti kröfum og reglum Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu“.¹⁰

1.4 Markmið könnunarinnar

Markmið könnunar Borgarskjalasafns Reykjavíkur var nú sem áður að kanna stöðu skjalamála hjá sviðum, stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar með tilliti til laga, reglna og fyrirmæla um þennan málaflokk. Kveðið er á um eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila hjá Reykjavíkurborg í 3. gr. samþykktar fyrir Borgarskjalasafn frá 2006 sem staðfest var af þjóðskjalaverði árið 2007. Þá er kveðið á um eftirlit héraðsskjalasafna „með skjalavörslu skilaskyldra aðila í þeirra umdæmi“ í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* frá árinu 2010, og þar segir að sveitarfélögum og stofnunum þeirra beri að hlíta fyrirmælum viðkomandi héraðsskjalasafns um skjalavörslu og fylgja settum lögum og reglum um skjalavörslu.¹¹

Könnun þessi á skjalavörslu afhendingarskyldra aðila borgarinnar nær til allra grunnþátta í skjalavörslu og byggja spurningar hennar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, reglugerð um héraðsskjalasöfn og reglum Þjóðskjalasafns um skjalastjórn og skjalavörslu.

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um eftirfarandi þætti í skjalavörslu sviða, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar:

1. Ástand skjalavörslu almennt, sbr. málalykill og skjalavistunaráætlun.
2. Grisjun og eyðingu skjala.
3. Notkun almennra leiðbeininga (handbók).
4. Skráningu í málafn, útprentun á málaskrá og notkun handbóka eða leiðbeininga fyrir málafnið.
5. Vistun og varðveislu skjala í skjalasafni.
6. Aðgangur að skjalasafninu.
7. Skjalageymslu fyrir eldri skjöl.

¹⁰ *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns Íslands, bls. 14.

http://skjalasafn.is/files/docs/handbok_sveitarfelog.pdf

¹¹ Sama heimild, bls. 13.

8. Hversu lengi eru skjöl vistuð í skjalageymslu.
9. Umfang skjalasafns (í hillumetrum).
10. Eldri / úrelt tölvukerfi með gögnum sem hafa varðveislugildi.
11. Skjöl sem hafa gildi og eru geymd á tölvudrifum.
12. Reglur um meðferð trúnaðarskjala.
13. Þekkingu á starfsemi og þjónustu Borgarskjalasafns Reykjavíkur.
14. Hvort stuðst sé við leiðbeiningarit og reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010.
15. Áhugi á að sækja námskeið um grunnþætti skjalavörslu hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur.
16. Hvort Borgarskjalasafn Reykjavíkur eigi að hefja undirbúning að móttöku og varðveislu rafrænna skjalasafna.
17. Annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri varðandi Borgarskjalasafn og / eða skjalamál Reykjavíkurborgar.

Niðurstöðurnar eru notaðar til þess að kortleggja núverandi ástand skjalastjórnar og skjalavistunar hjá stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar og til að bæta þjónustu og eftirlit Borgarskjalasafns. Þá gætu niðurstöðurnar nýst við að endurskipuleggja starf Borgarskjalasafns og samskipti við stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar, m.a. um skil á rafrænum skjölum. Niðurstöðurnar gefa upplýsingar um hvernig og hvar brýnast er að bæta skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg og hvaða þætti Borgarskjalasafn mætti leggja meiri áherslu á.

Einnig getur könnunin nýst bæði yfirstjórn, sviðsstjórum, skrifstofustjórum sem og öðrum stjórnendum hjá Reykjavíkurborg við gerð markvissra umbótaáætlana sem miða m.a. að bættri skilvirkni í rekstri, aukinni framleiðni og því að koma skjalavistunar- og skjalastjórnarmálum í lag m.t.t. laga og reglna.

1.5 Framkvæmd könnunarinnar

Við framkvæmd könnunarinnar var byggt á spurningalistum sem sendir voru sviðum, stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar sem eru skilaskyldir til Borgarskjalasafns sumarið og haustið 2013. Um var að ræða tölvupóstkönnun hliðstæða þeirri sem Borgarskjalasafn gerði um sumar og haust árið 2006 og var einnig höfð til hliðsjónar könnun Þjóðskjalasafns frá 2012. Notað var vefforritið Outcome Survey System sem er í eigu Outcome hugbúnaðar ehf. sem Borgarskjalasafn er áskrifandi að.

Könnunin var send til 187 aðila sem flokkuðust eftirfarandi; Íþrótt- og tómsfundasvið, Menningar- og ferðamálasvið, skrifstofu Skóla- og frístundasviðs SFS, SFS – Grunnskólar, SFS – Leikskólar, SFS - Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili, Umhverfis- og skipulagssvið, Velferðarsvið, Miðlæg stjórnsýsla / Ráðhús og Byggðasamlög og fyrirtæki í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að greina svör einstakra aðila en svörin eru greinanleg eftir ofangreindum flokkum.

Af þessum aðilum svöruðu 153 könnuninni, eða 81,82%, en 34 aðilar svöruðu ekki. Þetta er nokkuð hærra svarhlutfall en í sambærilegri könnun árið 2006.

Í könnuninni 2006 var spurningalistinn sendur 194 aðilum og af þeim svöruðu 116, eða 59,79%, en 78 aðilar svöruðu ekki. Niðurstöður könnunarinnar 2006 eru því ekki eins marktækar varðandi raunverulega stöðu skjalastjórnar hjá stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar. Flestar spurningar voru settar fram með skilgreindum valmöguleikum, aðrar voru einnig eða eingöngu efnislegar.

2 Meginniðurstöður

Meginniðurstaða spurningakönnunar er að grundvallarþáttum skjalastjórnar stofnana, sviða og fyrirtækja Reykjavíkurborgar er verulega áfátt með tilliti til lagareglna. Þetta er í megindráttum svipuð niðurstaða og varðandi skjalavörslu ríkisins árið 2012. Sú niðurstaða var kynnt í skýrslu Þjóðskjalasafns Íslands *Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012* í maí 2013.

Samanburður á könnunum Borgarskjalasafns Reykjavíkur frá árinu 2006 og 2013 benda til að staðan hafi lagast að hluta en er þó enn langt frá því að teljast ásættanleg. Í þessu sambandi má benda á grundvallarþætti eins og notkun málalykla, skjalavistunaráætlanir og notkun leiðbeininga eða handbóka um skjalavörslu og skjalameðferð (sjá töflu 3.). Meginniðurstaða spurningakönnunar frá 1998 sýndi einnig dapurlega niðurstöðu en þar tilgreindi t.d. 61 aðili af 83 að bréf og erindi sem bærust væru ekki skráð, eða 73,49%.

Tafla 3. Samanburður þriggja spurninga úr niðurstöðum spurningakannana Borgarskjalasafns frá árinu 2013 og árinu 2006 um skjalastjórn hjá sviðum, stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, skv. svörum þátttakenda

	2013		2006	
	Já %	Nei %	Já %	Nei %
▪ Er skjölum raðað eftir málalykli?	41,89	58,11	23,30	76,70
▪ Er starfað eftir skjalavistunaráætlun?	43,57	56,43	45,10	54,90
▪ Eru til almennar leiðbeiningar (handbók) handa starfsmönnum um skjalavörslu og skjalameðferð?	39,29	60,71	29,13	70,87

Þessar tölur ber þó að taka með fyrirvara því ef rýnt er nánar í niðurstöðurnar er útkoman í raun verri en þessi tafla sýnir, eins og fram kemur hér á eftir.

2.1 Ástand skjalavörslu almennt, sbr. málalykil og skjalavistunaráætlun

Við nánari skoðun virðist mikill minnihluti stofnana borgarinnar hafa komið skjalavörslu og skjalastjórn í viðunandi horf með tilliti til gildandi laga og reglna á undanförunum árum og áratugum. Samkvæmt könnun Borgarskjalasafns árið 2013 má ætla að þetta hlutfall sé innan við 25%. Með öðrum orðum hafa um eða yfir 75% stofnana ekki komið skjalastjórn sinni í lag, sé rýnt nánar í svör þátttakenda í könnuninni.

Þegar svör við grundvallarspurningum um skjalastjórn, þ.e. málalykil og skjalavistunaráætlun, eru skoðuð nánar má sjá eftirfarandi:

1. Fram kemur í könnuninni að 41,89% aðila, þ.e. 62 af 148 svörum, raði skjölum eftir málalykli en jafnframt að 36 aðilar af 62 telji sig vera með samþykktan málalykil. Það myndi þýða að málalykillinn væri í lagi hjá 24,32% aðilum, þ.e. 36 af 148 svörum, en að hann sé ósamþykktur eða ekki til staðar hjá 75,68% þátttakenda.

Til að fá raunverulega niðurstöðu bar Borgarskjalasafn þessar niðurstöður saman við sín gögn. Í ljós kom að 43 aðilar voru með samþykktan málalykil á þessu tíma, eða 22,99%, en könnunin var send til 187 aðila.

2. Aðspurðir segjast 43,57% svarenda, þ.e. 61 af 140 þátttakendum, starfa eftir skjalavistunaráætlun. Aftur á móti segjast 40 aðilar af 61 vera með samþykka skjalavistunaráætlun. Þetta myndi þýða, ef rétt er, að skjalavistunaráætlun væri í lagi hjá 28,57% aðila, þ.e. 40 af 140 svörum, en ósamþykkt áætlun eða að hún sé ekki fyrir hendi er þá hjá 71,43% svarenda.

Til að fá raunverulega niðurstöðu bar Borgarskjalasafn þessar niðurstöður saman við sín gögn. Hér kom í ljós að 43 aðilar af 187 voru með gilda samþykka skjalavistunaráætlun, eða 22,99%.

Því má álykta einungis út frá þessum tveimur þáttum, þ.e. málalyklum og skjalavistunaráætlunum, að töluvert vanti upp á til að skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg sé í fullu samræmi við gildandi lög og reglur.

Skjalavistunarkerfi, þ.m.t. málalykill fyrir flokkun skjala og skjalavistunaráætlun, sem stjórn-tæki sem veitir yfirlit yfir skjalavörslu, eru lykilþættir í skjalavörslu og skjalastjórn og því grundvallaratriði að þessi verkfæri séu notuð. Þannig segir í reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283 frá 1994:

Skjalavistunarkerfi [...]. skulu samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun. Þjóðskjalasafn getur falið héraðsskjalasafni framkvæmd þessara mála á safnsvæðinu.

Í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* frá 2010 segir á bls. 44 um málalykla:

Til að halda röð og reglu á málafni sveitarfélags eða stofnunar þess er notaður svokallaður málalykill. Málalykill er skjalaflokkunarkerfi sem notað er til að tryggja rétt samhengi upplýsinga, þannig að skjöl sem varða sama mál og lýsa sama máli liggja saman og finnast á sama stað.

Í reglum Þjóðskjalasafns nr. 622 frá 2010 um málalykla afhendingarskyldra aðila segir:

Sveitarfélög og stofnanir þeirra sem aðilar eru að héraðsskjalasafni skulu fá málalykla samþykka af viðkomandi héraðsskjalasafni. Auk þess skal leita eftir samþykki: 1. Þegar skjalavörslutímabil rennur út. 2. Breyting verður á efnissviðum málalykilsins.

Í reglum Þjóðskjalasafns nr. 623 frá 2010 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila, þ.m.t. sveitarfélög og stofnanir þeirra og fyrirtæki á þeirra vegum, segir:

Reglurnar gilda um skjalavistunaráætlanir sem afhendingarskyldum aðilum ber að viðhalda til þess að halda reiðu og hafa yfirsýn yfir skjalasafn viðkomandi embættis eða stofnunar.

Sveitarfélög og stofnanir þeirra sem aðilar eru að héraðsskjalasafni skulu leggja skjalavistunaráætlanir sínar fyrir viðkomandi héraðsskjalasafn. Skjalavistunaráætlanir skulu vera á sérstöku eyðublaði. Með eyðublaðinu skal jafnframt fylgja: Málalykill ásamt formála. Grisjunarheimild. Geymsluskrá. Vinnuleiðbeiningar með skjalasafni. Tilkynning á rafrænu kerfi.

Þá segir í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* frá 2010 um skjalavistunaráætlanir, á bls. 13 og bls. 30:

Héraðsskjalasöfn [...]. samþykkja málalykla, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur hjá sveitarfélögum og stofnunum sveitarfélaga í þeirra umdæmi.

Skjalavistunaráætlun er því niðurstöðuplagg um myndun, aðgengi og varðveislu allra skjalaflokka sem verða til við starfsemi skjalamyndara.

Það kemur því ef til vill ekki á óvart að 79,02% svarenda könnunarinnar, eða 113 af 143 þátttakendum sem svara þessari spurningu, hafa áhuga að sækja námskeið um grunnþætti skjalavörslu á vegum Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

2.1.1 Samanburður við könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins frá 2012

Í könnun Þjóðskjalasafns Íslands frá árinu 2012, sbr. skýrslu frá maí 2013, á skjalavörslu stofnana ríkisins er útkoman varla betri, sé miðað við svör viðkomandi stofnana og gögn safnsins.

1. Af samþykktum málalyklum myndu 35,84% ríkisstofnana, eða 62 af 173 stofnunum, teljast í lagi, þ.e. ef eingöngu er tekið mið af svörum stofnana (sjá bls. 16).

Til að fá raunverulega stöðu þessari niðurstöður saman við sín gögn um veitt samþykki fyrir málalyklum. Af samþykktum málalyklum eru þá 21,26% ríkisstofnana í lagi, þ.e. 44 samþykktir, en könnunin var send til 207 stofnana (sjá bls. 16).

2. Af samþykktum skjalavistunaráætlunum teldust 7,51% stofnana, eða 13 af 173 stofnunum, í lagi, þ.e. ef eingöngu er tekið mið af svörum stofnana (sjá bls. 29).

Til að fá raunverulega stöðu þessari niðurstöður saman við sín gögn yfir samþykktar skjalavistunaráætlanir. Þar kemur fram að „eingöngu ein skjalavistunaráætlun hefur verið lögð fyrir safnið á undanförunum árum“. Af

samþykktum skjalavistunaráætlunum eru því 0,48% stofnana í lagi, þ.e. ein samþykkt áætlun (þ.e. lögð fyrir), en könnunin var send til 207 aðila (sjá bls. 29).¹²

Séu kannanir Borgarskjalasafns frá 2013 og Þjóðskjalasafns frá 2012 bornar saman og eingöngu litið til svara þátttakenda við grundvallarspurningum um skjalastjórn, þ.e. málalykil, skjalavistunaráætlun og hvort leiðbeiningarit og reglur frá Þjóðskjalasafni um skjalavörslu séu notuð, má sjá eftirfarandi niðurstöðu í töflu 4.

Tafla 4. Samanburður þriggja spurninga úr niðurstöðum spurningakannana Borgarskjalasafns Reykjavíkur frá árinu 2013 um skjalastjórn hjá Reykjavíkurborg annars vegar og Þjóðskjalasafns Íslands frá árinu 2012 um skjalastjórn hjá stofnunum ríkisins hins vegar, skv. svörum þátttakenda

	<u>Könnun</u> <u>Borgarskjalasafns 2013</u>		<u>Könnun</u> <u>Þjóðskjalasafns 2012</u>	
	<u>Já %</u>	<u>Nei %</u>	<u>Já %</u>	<u>Nei %</u>
▪ Er skjölum raðað eftir málalykli?	41,89	58,11	59,54	40,46
▪ Er starfað eftir skjalavistunaráætlun?	43,57	56,43	23,70	76,30
▪ Hefur verið stuðst við leiðbeiningarit og reglur þí um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010? Hefur stofnun stuðst við reglur og leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns Íslands við skjalavörslu?	32,33	67,67	60,12	39,88

Þessar tölur ber þó að taka með fyrirvara því ef rýnt er nánar í niðurstöðurnar er útkoman í raun verri en taflan sýnir, eins og áður hefur verið vikið að.

Sé litið til samanburðar á raunverulegri stöðu varðandi hlutfall samþykktra málalykla og skjalavistunaráætlana, hjá Borgarskjalasafni 2013 annars vegar og Þjóðskjalasafni 2012 hins vegar, m.t.t. kannana á skjalavistunarmálum Reykjavíkurborgar og ríkisins, verða niðurstöðurnar aftur á móti eftirfarandi, sbr. töflu 5:

¹² Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012, (2013).
http://skjalasafn.is/files/docs/2012_skjalavarsla_rikis_konnun.pdf

Tafla 5. Raunveruleg staða, varðandi hlutfall samþykktra málalykla og skjalavistunar-áætlana, hjá Reykjavíkurborg annars vegar og stofnunum ríkisins hins vegar, m.t.t. kannana Borgarskjalasafns Reykjavíkur frá árinu 2013 og Þjóðskjalasafns Íslands frá árinu 2012

	<u>Raunveruleg staða</u> <u>Reykjavíkurborg 2013</u>		<u>Raunveruleg staða</u> <u>stofnanir ríkisins 2012</u>	
	Já %	Nei %	Já %	Nei %
▪ Samþykktir málalyklar	22,99	77,01	21,26	78,74
▪ Samþykktar skjalavistunaráætlanir (þ.e. áætlanir lagðar fyrir viðkomandi safn)	22,99	77,01	00,48	99,52

Þá má nefna að í könnun Þjóðskjalasafns Íslands kemur fram að stöðugildum í skjalavörslu hjá stofnunum ríkisins hafði fækkað um 20% milli árana 2004 og 2012 og í skýrslunni segir „Það má því draga þá ályktun að skorið hafi verið niður í skjalamálum hins opinbera“, (sjá bls 39).

Könnun Þjóðskjalasafns Íslands var send til 207 aðila eins og áður sagði en ætla má að afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns séu um eitt þúsund ef marka má upplýsingar úr könnun Þjóðskjalasafns frá 2004.¹³ Þá eru ekki taldir með skilaskyldir aðilar þeirra sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni en þeir eru afhendingarskyldir til Þjóðskjalasafns.

2.2 Grisjun / eyðing skjala

Varðandi grisjun og eyðingu skjala þá segja 63,70% þátttakenda, eða 93 af 146, að skjöl séu grisjuð eða þeim eytt. Af þeim sem segjast grisja eða eyða skjölum segjast 44,44%, eða 40 af 90 svarendum, gera það samkvæmt skjalavistunaráætlun en 55,56% á annan hátt. Þeir sem svöruðu „Á annan hátt, lýsið“ tiltóku flestir að grisjun / eyðing væri eftir ákveðinn tíma, t.d. 1 ár, 5 ár, 7 ár eða 10 ár eftir eðli gagnanna.

Hvort listi væri haldinn yfir skjöl sem eru grisjuð / eytt svöruðu hér 107 af 123 svarendum að svo væri ekki (spurning 2.8). Athugið að hér hafa margir þeirra 123 sem svöruðu spurningu 2.6 um grisjun / eyðingu neitandi einnig svarað þessari spurningu neitandi, því aðeins 93 sögðust grisja / eyða skjölum, sbr. spurningu 2.6. Þó segjast 16 aðilar halda lista yfir skjöl sem eru grisjuð / eytt.

Þetta þýðir því að 16 aðilar af 93 sem sögðust grisja / eyða skjölum halda lista yfir skjölin, eða 17,20% m.v. svör þátttakenda. Þá segjast 77 svarenda (af 93) grisja / eyða skjölum en að þeir haldi ekki lista yfir þau skjöl, eða 82,80%. Í 7. gr. laga frá 1985 um Þjóðskjalasafn Íslands segir:

¹³ Rafræn skjala- og gagnavarsla ríkisstofnana Könnun Þjóðskjalasafns á skjalavörslu ríkisstofnana árið 2004, (2005), bls. 6.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

Í reglum Þjóðskjalasafns nr. 627 frá 2010 um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnana þeirra segir m.a. varðandi heimild til grisjunar og skráningu á skjölum sem eru grisjuð, en hún er í nýu liðum:

Heimilt er að grisja eftirfarandi skjöl úr skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnana þeirra [...].

Skrá skal þau skjöl sem grisjuð eru skv. heimild í 3. gr. á sérstök eyðublöð í tvíriti. Þau skulu staðfest með undirskrift forstöðumanns og annað eintakið lagt upp í skjalasafn viðkomandi skjalamyndara en hitt sent viðkomandi héraðsskjalasafni [...].

2.3 Notkun almennra leiðbeininga (handbók) handa starfsmönnum um skjalavörslu og skjalameðferð

Þegar spurt var hvort til væru almennar leiðbeiningar (handbók) handa starfsmönnum um skjalavörslu og skjalameðferð sögðu 60,71%, eða 85 af 140 svarendum, að svo væri ekki.

Flestir þátttakenda virðast því ekki nýta sér *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* sem Þjóðskjalasafns Íslands gaf út 2010. Handbókina er hægt að nálgast ókeypis á heimasíðu safnsins og á bls. 15 segir í ritinu:

[...] ber sveitarfélögum og stofnunum þeirra að fylgja reglum og leiðbeiningum sem birtar eru í handbókinni.

Áður hafði ritið *Skjalavörsla sveitarfélaga* verið gefið út af Þjóðskjalasafni í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga árið 1997.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur sendi í ágúst 2010 formlegt bréf til að kynna fyrir borgaryfirvöldum, byggðasamlögum og fyrirtækjum í eigu borgarinnar hina nýju handbók Þjóðskjalasafns um skjalavörslu sveitarfélaga og nýjar reglur Þjóðskjalasafns um skjalavörslu sveitarfélaga, einnig frá 2010. Bréfið var m.a. sent til borgarstjóra, borgarráðs, borgarlögmans, innri endurskoðunar, sviðsstjóra sviða borgarinnar, skrifstofustjóra, til nefnda og ráða, byggðasamlaga og fyrirtækja í eigu borgarinnar sbr. stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf., stjórnar Strætó bs. og stjórnar Sorpeyðingar á höfuðborgarsvæðinu. Handbókin og hinar nýju reglur um skjalamál voru einnig kynntar á innri og ytri vef Reykjavíkurborgar. Þá var eintak af *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* send til skrifstofu borgarstjóra.

2.4 Skráningu í málafn, útprentun á málaskrá og notkun handbóka eða leiðbeininga fyrir málafnið

Í könnuninni er spurt hvort öll erindi sem berast stofnun / fyrirtæki / starfsmönnum í sendibréfi / tölvupósti séu skráð í málafn í könnuninni segja flestir eða 82,31%, eða 121 af 147 svörum þátttakenda, að svo sé ekki. Í lögum um Þjóðskjalafn Íslands frá 1985 segir í 5. gr.:

Skilaskyldum aðilum skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 5. gr. og 14. gr., er skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur skv. 1. mgr.

Í Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010 segir um „Málafn“ á bls. 70:

Í málafni eru geymd öll bréf og erindi, ásamt fylgigögnum, sem berast skjalamyndara, starfsmenn senda frá sér svo og skjöl sem verða til við málsmeðferð. Skjöl í málafni geta því verið sendibréf, tölvupóstur, símbréf, símskeyti, minnisblöð o.s.frv. Skjöl í málafni geta verið á pappírsmáli eða rafræn. Málafni er raðað eftir málalykli.

Þá segja 83,67% svarenda, eða 123 af 147, að öll útsend bréf / tölvupóstar séu ekki skráð í málafn.

Einnig tilgreina 29,47% þátttakenda, eða 33 af 112, að „Hver starfsmaður fyrir sig“ sjái um framkvæmd skráningar séu erindi skráð. Einungis 15 aðilar, eða 13,39%, segja að „Skjalastjóri“ sjái um framkvæmd skráningar.

Þegar spurt var „Hvernig eru bréf og erindi skráð?“ nefndu 68,60%, þeirra sem svöruðu, eða 59 af 86, að bréf og erindi séu skráð „Í tölvufærðu málafni“. Þeir sem svöruðu „Á annan hátt, hvernig?“, eða 27, nefndu flestir geymslu bréfa og erinda í möppum á pappír, aðrir nefndu geymslu í tölvu en þrír aðilar tiltóku að bréf og erindi væru ekki skráð.

Varðandi spurninguna „Ef erindi er skráð í tölvufærðu málafni, hvaða kerfi er notað?“ svara 85 aðilar af 153, eða 55,56%. Hér nefna flestir svarenda, þ.e. 41,18%, tölvukerfið GoPro, eða 35 af 85. Þeir sem svöruðu „Annað, hvaða?“, eða 20 af 85, nefndu kerfin Lotus, FileMaker og ýmis önnur kerfi.

Spurt var hvernig tölvupóstar sem ekki eru skráðir í tölvufært málafn væru varðveittir. Var niðurstaðan sú að 30,39%, eða 62 af 204 svörum, prenta út þá tölvupósta sem hafa gildi og sama hlutfall eða 30,39% vista þá í pósthólfi. Gefinn var upp svarmöguleikinn „Í öðru rafrænu kerfi, hvaða?“ og kom þar fram að hluti þátttakenda vistar skjöl sín hjá UTD (upplýsinga- og tæknideild Reykjavíkurborgar) og en aðrir vista skjöl sín í hinum ýmsum kerfum s.s. Lotus Notes, Saga, Oracle eða jafnvel á drifi stjórnenda. Undir valmöguleikanum „Annað, lýsið“ kom fram að einhverjir þátttakenda vistuðu skjöl sín ýmist á pappír í möppu, í Lotus Notes málaskrá, í GoPro, í tölvupósthólfi eða bæði á tölvudrifum og möppum. Samtals komu 204 svör við þessari spurningu m.v. 153 þátttakendur, eða 133,33%. Hér hafa því margir þátttakendur merkt við fleiri en einn svarmöguleika.

Það er verulegt áhyggjuefni hversu margir aðilar segjast varðveita tölvupósta á einka- eða sameiginlegum tölvudrifum, þ.m.t. tölvupósthólfum. Líklegt verður að telja að stór hluti þeirra eigi eftir að tapast í framtíðinni. Þessi meðhöndlun tölvupósta er ekki í samræmi við lagareglur eða fyrirmæli Þjóðskjalasafns.

Í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* frá 2010 segir um „Rafræn gögn á einkadrifum og sameiginlegum drifum“:

Flestir starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra, sem mynda skjöl í starfi sínu, hafa einkadrif í sínum vinnutölvum þar sem þeir getað vistað rafræn gögn. Á mörgum vinnustöðum eru jafnframt vistuð rafræn gögn á sameiginlegum tölvudrifum.

Rafræn gögn sem hafa þýðingu fyrir úrlausn mála á undantekningalaust að leggja upp í málafn og skrá í málaskrá. Þau skal ekki vista á einkadrifum eða sameiginlegum drifum, nema þá í afriti. Ef sveitarfélög og stofnanir þeirra nota rafræn skjalavörslukerfi til þess að halda utan um málaskrá og / eða málafn skulu skjöl sem varða einstök mál vistast þar. Önnur rafræn gögn, sem á að varðveita, skal annað hvort prenta út og leggja í skjalasafnið eða skipuleggja þau í rafrænum kerfum sem síðan eru tilkynnt til viðkomandi héraðsskjalasafns eða Þjóðskjalasafns Íslands.

Mikilvægt er að allur tölvupóstur sem berst og er sendur og varðar einstök mál sveitarfélagsins sé varðveittur með viðkomandi málum. Noti sveitarfélagið rafrænt skjalavörslukerfi þar sem varðveisla skjala er á rafrænu formi er tölvupósturinn vistaður undir viðkomandi máli í kerfinu. Hafi sveitarfélagið ekki heimild til varðveislu rafrænna gagna skal prenta tölvupóstinn út á pappír.¹⁴

Rétt er að taka fram að enginn aðili hjá Reykjavíkurborg hefur samþykkt rafrænt skjalavörslukerfi, þ.e. samþykkt rafræna vistun úr slíku kerfi (kerfisóháðar vörsluútgáfur), og ekki liggur fyrir ákvörðun borgaryfirvalda hvort innleiða eigi rafræna langtíma vörslu skjala.

Varðandi hvort málaskrá sé prentuð út einu sinni á ári eftir efnisröð svöruðu flestir þátttakendur eða 95,52%, þ.e. 128 af 134 svörum, því að svo sé ekki gert.

Helmingur svarenda eða 49,29%, þ.e. 69 svör af 140, tilgreina að innkomin erindi séu ekki skönnuð inn í málakerfið. Rétt er að taka fram að það er ekki lagaskylda að „skanna“ skjöl inn í málakerfi viðkomandi aðila.

Þá tiltóku flestir þátttakendur eða 66,41%, eða 87 af 131 svörum, að ekki sé til handbók eða leiðbeiningar um notkun kerfisins.

Í 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands segir að skilaskyldum aðilum skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 5. gr. og 14. gr., er skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur skv. 1. mgr. En þessi regla var lögfest með upplýsingalögum árið 1996. Þá segir í 6. gr. sömu laga að afhendingarskyldir aðilar eru skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala.

¹⁴ *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns Íslands, bls. 70-71.
http://skjalasafn.is/files/docs/handbok_sveitarfelog.pdf

Í reglum Þjóðskjalasafns Íslands um málalykla afhendingarskyldra aðila, þ.m.t. hjá sveitarfélögum, nr. 622 frá 2010 segir m.a. að reglurnar gildi um málalykla sem notaðir eru hjá afhendingarskyldum aðilum til þess að raða og halda utan um skjalaflokkinn málafni í skjalasafni. Þá segir einnig að sveitarfélög og stofnanir þeirra sem aðilar eru að héraðsskjalasafni skulu fá málalykla samþykkt af viðkomandi héraðsskjalasafni.

Um málalykla og málaskrár er fjallað um í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* en þar segir að notkun málalykils og málaskrár sé mikilvæg svo hægt sé að hafa yfirlit yfir málafni skjalamyndanra, vinna við það og halda því á reiðu. Þá er það áréttað að sveitarfélög og stofnanir þeirra eigi að nota málalalykil sem uppfylli reglur þar um og hefur verið samþykktur af viðkomandi héraðsskjalasafni eða Þjóðskjalasafni Íslands.¹⁵

Fjallað er um rafrænt skjalavörslukerfi í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* en þar segir að noti sveitarfélag, eða stofnun þess, rafrænt skjalavörslukerfi fyrir málaskrá en hafi ekki tilkynnt né fengið það samþykkt af viðkomandi héraðsskjalasafni eða Þjóðskjalasafni, þurfi að prenta út öll gögn úr kerfinu og varðveita þau á pappír. Þetta þýðir að prenta þurfi út öll skjöl og upplýsingar um skráningu mála. Þá segir einnig að prenta skuli út heildaryfirlit úr málaskránni við áramót og skulil raða því yfirliti eftir málalykli.¹⁶

Vikið er að skráningu og notkun málaskrár og málafns í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*. Þar er bent á mikilvægi þess að umsjónarmaður skjalasafns (á ábyrgð forstöðumanns) gegni ákveðnum skyldum við málafnið.¹⁷ Þær skyldur eru m.a. að fylgja ákveðnu og fyrir fram gefnu verklagi. Til að mynda ber að stimpla móttækin bréfaþóst með móttökustimpli og ákveða hver sjái um að opna ábyrgðarbréf. Þá er skylda að skrá inn öll erindi sem berast í bréfaþósti ef notast er við rafrænt mála- og skjalavörslukerfi. Einnig er það í höndum umsjónarmanns að sjá til þess að aðrir starfsmenn skrái gögn sem þeim berast í tölvuþósti eða gögn sem þeir útbúa sjálfir í málaskrá og varða einstök mál.

2.5 Vistun og varðveisla skjala í skjalasafni

Í þeim þætti könnunarinnar sem snýr að vistun og varðveislu skjala í skjalasafni sögðust 45,65%, eða 84 af 184 þátttakendum, vista pappírsskjalasafn stofnunarinnar „í miðlægu skjalasafni fyrir stofnun / deild“. Þeir sem svöruðu „Annars staðar, hvar?“ eða 18,48% nefndu ýmsa staði eins og; „í möppum uppi á lofti“, „í læstum skáp“, „í eldvörðum skáp á skrifstofu“, „í gagnageymslunni“, „í kjallara“, „á skrifstofu“, „í skjalasafni Ráðhúss“ eða „það er ekkert pappírsskjalasafn til“ og „út um allt“. Samtals komu 184 svör við þessari spurningu m.v. 153 þátttakendum. Hér hafa einhverjir svarenda því merkt við fleiri en einn svarmöguleika.

Alls tilgreina 51,39%, eða 37 af 72 þátttakendum sem svara, að önnur skjöl en bréfasafn séu varðveitt á skipulegan hátt, t.d. skýrslur, ljósmyndir, bókhald og útgefið efni stofnunarinnar. Hin 48,61% svara neitandi, þ.e. að slík skjöl séu ekki varðveitt á skipulegan hátt.

¹⁵ *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns Íslands, bls. 23-24.

¹⁶ Sama heimild, bls. 57.

¹⁷ Sama heimild, bls. 58.

Þá tilgreina 50,40%, eða 63 af 125 þátttakendum, að eigin skýrslur og útgáfur sem birtast á vef og eru prentaðar út séu ekki varðveittar í skjalasafni. Þeir sem svöruðu „Já“ eða 49,60% (varðveittar í skjalasafni) nefndu m.a.; „í möppum“, „í tölvu“, „í skjalaskáp“, „sem handbækur“, „skjalasafn Ráðhúss“, „í möppum og í tölvum“ eða „raðað eftir málalykli í miðlægum skjalaskáp“.

Í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* er sérstaklega fjallað um skýrslur og útgáfur sem birtast á vef viðkomandi stofnunar eða sveitarfélags. Þar er bent á mikilvægi þess að sveitarfélög og stofnanir þeirra varðveiti í skjalasafni sínu skýrslur, fréttir og annað mikilvægt efni sem aðeins er gefið út á vefsíðum. Þá er jafnframt bent á þetta megi gera með því að prenta út á pappír skýrslur og fréttir, eða með því að vista gögnin á rafrænu formi í skjalavörslukerfi, sé notast við slík kerfi og heimild til rafrænnar varðveislu sé til staðar.¹⁸

Talið er mikilvægt að skjöl séu geymd í góðum geymslum til þess að tryggja varðveislu þeirra og aðgengi að upplýsingum. En í 6. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands er kveðið á um að safnið skuli samþykkja notkun skjalageymslna afhendingarskyldra aðila áður en þær eru teknar í notkun. Þá er ákvæði í reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994 að Þjóðskjalasafn geti falið héraðsskjalasafni framkvæmd þessara mála á safnsvæðinu. Þá segir einnig í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* að héraðsskjalasöfn skuli samþykkja skjalageymslur hjá sveitarfélögum og stofnunum sveitarfélaga í þeirra umdæmi.¹⁹

2.6 Aðgangur að skjalasafni

Varðandi beinan aðgang að skjalasafninu segja 43,31%, eða 68 af 157 þátttakendum, að forstöðumaður hafi beinan aðgang að skjalasafninu. Margir merkja við svarið „Allir starfsmenn“, eða 33,12%. Samtals komu 157 svör við þessari spurningu m.v. 153 þátttakendur, eða 102,61%. Einhverjir svarenda hafa því merkt við fleiri en einn möguleika hér.

Ekki er talið æskilegt að allir starfsmenn hafi aðgang að skjalasafni enda eru trúnaðarskjöl oft varðveitt í skjalasafninu.

Í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* er fjallað um aðgangsheimildir en þar segir að ljóst eigi að vera hvaða skjalaflokkar verða til og hvaða starfsmenn vinna með skjölin, hvaða skjöl eigi að varðveita og hvaða skjölum má henda. Bent er á mikilvægi þess að aðgangsheimildir séu skýrar.²⁰ Þá segir að æskilegt sé að aðrir starfsmenn en umsjónarmaður skjalasafns hafi ekki beinan aðgang að skjalasafninu heldur fái afhent skjöl úr því með aðstoð umsjónarmanns skjalasafnsins.²¹ Enn fremur er það áréttað að í sérstökum vinnureglum skuli koma fram hve lengi trúnaður gildir á málum og einnig hvaða starfsmenn sveitarfélagsins eða stofnunar sveitarfélags hafa aðgang að trúnaðarskjölum og hvar þau skuli geymd.²²

¹⁸ *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns, bls. 21.

¹⁹ Sama heimild, bls. 13.

²⁰ Sama heimild, bls. 12.

²¹ Sama heimild, bls. 61.

²² Sama heimild, bls. 66.

2.7 Skjalageymsla fyrir eldri skjöl

Meirihluti þátttakenda 52,14%, þ.e. 73 af 140, svara því til að stofnunin / deildin / fyrirtækið hafi yfir að ráða skjalageymslu fyrir eldri skjöl. Þeir sem hafa ekki skjalageymslu fyrir eldri skjöl voru því 47,86%.

2.8 Hversu lengi eru skjöl vistuð í skjalageymslu

Þegar spurt var um hversu lengi skjöl eru vistuð í skjalageymslu áður en þau eru send á Borgarskjalasafn tilgreina flestir svarendur 46,72%, þ.e. 57 af 122, að skjöl séu vistuð í skjalageymslu í „1 – 10 ár“ áður en þau eru send á Borgarskjalasafn. Þá segjast 22,13%, eða 27 af 122 þátttakendum, vista skjöl í „11-20 ár“. Aðeins 7,38%, eða 9 af 122 þátttakendum, segjast vista skjöl í „21-30 ár“ en töluvert fleiri segjast vista þau í „31 ár eða lengur“ eða 23,77%, þ.e. 29 þátttakendur af 122.

Í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* er áréttuð sú skylda sveitarfélaga og stofnanna þeirra að varðveita sjálf skjöl sín í allt að 20-30 ár.²³ En í samþykkt borgarráðs fyrir Borgarskjalasafn frá árinu 2006 kemur fram að borgarstofnanir og aðrir afhendingarskyldir aðila skulu að jafnaði afhenda Borgarskjalasafni til varðveislu skjöl sem eldri eru en 20 ára.

Af þeim 122 aðilum sem svöruðu eru það því 38 aðilar sem varðveita skjöl lengur en í 20 ár, eða 31,15%, þrátt fyrir samþykkt borgarráðs.

2.9 Umfang skjalasafns í hillumetrum

Varðandi hversu umfangsmikið skjalasafn viðkomandi er í hillumetrum, þ.e. metri á breidd í hillu, þá svara flestir þátttakendur, eða 66 af 116, að umfang skjalasafnsins sé á bilinu „1–10 hillumetrar“ eða 56,89%. Alls tilgreina 10 aðilar af 116 að umfang skjalasafnsins sé á bilinu „11-20 hillumetrar“, eða 8,62%. Þá tilgreina þrír aðilar af 116 að umfang skjalasafnsins sé á bilinu „21-30 hillumetrar“, eða 2,59%. Enn fremur fjórir aðilar af 116 tilgreina að umfang skjalasafnsins sé á bilinu „31-40 hillumetrar“, eða 3,45%. Þó nefna 33 þátttakendur af 116, eða 28,45%, að umfangið sé „41 hillumetri eða meira“. Alls svöruðu 116 þátttakendur þessari spurningu af 153, eða 75,82%.

Hér er um mikilvægar upplýsingar að ræða sem Borgarskjalasafn getur notað til að áætla þörf fyrir geymslurými vegna umfangs væntanlegra skjala. Af þeim sem voru með yfir 41 hillumetra voru sumir með umtalsvert meira, eða allt að 1015 hillumetrum hjá einni stofnun.

²³ *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns, bls. 24.

2.10 Eldri / úrelt tölvukerfi með gögnum sem hafa varðveislugildi

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir að því hvort til væru eldri / úrelt tölvukerfi með gögnum sem vert væri að varðveita og þá í hvaða tölvukerfi tilgreina. Flestir þátttakendur 80,70%, þ.e. 92 af 114, svara því að ekki séu til eldri / úrelt tölvukerfi með gögnum sem vert væri að varðveita. En 22 aðilar telja að til séu eldri / úrelt tölvukerfi með gögnum sem vert væri að varðveita.

Af þeim þátttakendum sem svöruðu „Ef já, hvaða tölvukerfi?“ sem vert væri að varðveita, eða 16 aðilar af 22, þá tiltóku þeir kerfi eins og GoPro, Lotus Notes, FileMaker, Conisio, Finnur og Erindreki.

2.11 Skjöl sem hafa gildi og eru geymd á tölvudrifum

Varðandi geymslu skjala sem hafa gildi og eru geymd á tölvudrifum nefndu 49 aðilar af 153, eða 32,03%, skjöl eins og; ljósmyndir, samskipti í tölvupósti, ýmsar ákvarðanir sem varða rekstur, upplýsingar um börn, vinnuskjöl, kerfislýsingar, þarfagreiningar, lóðauppdrættir, kort, útreikningar lóðamarka og fundargerðir.

Í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga* er víðað vikið að mikilvægi skipulegrar skráningar og utanumhalds á skjölum sem hafa gildi og eru geymd á tölvudrifum sem dæmi má nefna; kort, teikningar, uppdrætti, ljósmyndir og tölvupósta.²⁴

2.12 Reglur um meðferð trúnaðarskjala

Um hvort ákveðnar reglur gildi um meðferð trúnaðarskjala tilgreina flestir þátttakendur 89,93%, þ.e. 125 af 139, að ákveðnar reglur séu um meðferð trúnaðarskjala.

Ef marka má svör þátttakenda virðast flestir vera til fyrirmyndar varðandi reglur um meðferð trúnaðarskjala en þó þarf að huga að þeim 10% sem ekki hafa slíkar reglur.

2.13 Þekking á starfsemi og þjónustu Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Flestir þátttakendur, eða 60 af 149, tilgreina að þeir þekki „Eitthvað“ til starfsemi og þjónustu Borgarskjalasafns Reykjavíkur, eða 40,26%. 49 aðilar af 149 tilgreina að þeir þekki „Frekar lítið“ til starfseminnar, eða 32,89%. 21 aðili af 149 tilgreina að þeir þekki „Ekkert“ til starfseminnar, eða 14,09%. 14 aðilar af 149 tilgreina að þeir þekki „Vel“ til starfseminnar, eða 9,40%. Að lokum

²⁴ Sjá nánar í *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, bls. 21, 22 og 60.

tilgreina fimm aðilar af 149 að þeir þekki „Mjög vel“ til starfsemi og þjónustu Borgarskjalasafns, eða 3,36%. Alls svöruðu 149 þátttakendur af 153 þessari spurningu, eða 97,39%.

Þeir sem þekkja „Frekar lítið“ eða „Ekkert“ til starfsemi Borgarskjalasafns og þjónustunnar eru því samtals 70 af 149, eða 46,98%. Þeir aðilar sem þekkja „Mjög vel“ eða „Vel“ til starfseminnar eru samtals 19 af 149, eða 12,75%.

Þess má geta varðandi þessa spurningu að í könnun Capacent Gallup sem gerð var í nóvember 2013 kom m.a. í ljós að 23,7% landsmanna þekktu til þeirrar þjónustu sem Borgarskjalasafn veitir.

Ljóst er að Borgarskjalasafn þarf að taka til hendinni svo afhendingarskyldir aðilar hjá borginni þekki vel til starfseminnar og þeirrar þjónustu sem safnið veitir.

2.14 Er stuðst við leiðbeiningarit og reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010

Meirihluti þátttakenda, eða 67,67%, þ.e. 90 af 133, tilgreina að ekki sé stuðst við leiðbeiningarit og reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga frá 2010. Alls svöruðu 133 þátttakendur þessari spurningu af 153, eða 86,93%.

Einnig var spurt í framhaldi undir þessum lið „Ef já, hvernig líkar þér og starfsmönnum við leiðbeiningarritið?“ og „Ef nei, hvers vegna hefur stofnunin ekki stuðst við reglur og leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns Íslands?“. Samtals svöruðu 107 aðilar af 133 þessum spurningum, eða 80,45%.

Þeir sem styðjast við handbókina og svöruðu spurningunni „Ef já, hvernig líkar þér og starfsmönnum við leiðbeiningarritið?“ voru 21 af 107, eða 19,63%, og flestir þeirra nefndu „ágætlega“ en aðrir svöruðu „allt of flókið“ eða „erum að vinna í þessum málum“.

Þeir sem styðjast ekki við handbókina eða reglurnar og svöruðu spurningunni „Ef nei, hvers vegna hefur stofnunin ekki stuðst við reglur og leiðbeiningarrit?“ voru samtals 86 aðilar af 107, eða 80,37%. Þar nefndu fimm aðilar einungis „nei“. Flestir sem nota ekki handbókina, eða 52 aðilar, tilgreina að þeir hafi ekki vitað af tilvist leiðbeiningaritsins. Þá töldu 7 aðilar að leiðbeiningarnar væru ekki nógu skýrar. Þeir 22 aðilar sem svöruðu „Annað, hvað?“ nefndu m.a.; „er á lista yfir verkefni sem ég ætla að fara í“, „endurskipulagning skjalamála hefur dregist vegna manneklu og vinnuálags“, „er að bíða eftir að einhver komi frá Þjóðskjalasafninu og kenni mér að fara með þessi gögn“, „erum að byrja að vinna við þetta“, „hef ekki haft tíma til að fara í þessa vinnu“ eða „vantar tíma, starfsmann og pláss“.

2.15 Áhugi á að sækja námskeið um grunnþætti skjalavörslu hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur

Flestir þátttakendur 79,02%, þ.e. 113 af 143, tilgreina að þeir hafi áhuga á að sækja námskeið um grunnþætti skjalavörslu á vegum Borgarskjalasafns.

Varðandi hvaða námskeið nefndu flestir þátttakendur 44,44%, þ.e. 48 af 108, námskeiðið „Átak í skjalavörslu - fyrstu skref“. Þeir sem svöruðu „Annað“ 17,59%, þ.e. 19 af 108, nefndu m.a.; „hef ekki vit á hvað myndi nýtast mér“, „gott að fá kynningu til upprifjunar“, „aðallega að fá handleiðslu til þess að koma okkur af stað“, „það sem gagnast fyrir leikskóla“ eða „veit ekki hvað hentar“.

2.16 Á Borgarskjalasafn Reykjavíkur að hefja undirbúning að móttöku og varðveislu rafrænna skjalasafna?

Spurt var um hvort Borgarskjalasafn Reykjavíkur ætti að hefja undirbúning að móttöku og varðveislu rafrænna skjalasafna töldu fleiri þátttakendur, 68 af 123, telja að Borgarskjalasafn Reykjavíkur ætti að hefja undirbúning að móttöku og varðveislu rafrænna skjalasafna, eða 55,28%. Aðeins 3 aðilar telja að safnið ætti ekki að hefja undirbúning, eða 2,44%. Að lokum tilgreina 52 aðilar af 123 að þeir viti ekki hvort Borgarskjalasafn eigi að hefja undirbúning þess, eða 42,28%. Alls svöruðu 123 þátttakendur þessari spurningu af 153, eða 80,39%.

Athygli vekur hversu stór hluti þátttakenda, eða 52 af 123, eða 42,28%, tilgreina að þeir viti ekki hvort Borgarskjalasafn Reykjavíkur ætti að hefja undirbúning að móttöku og varðveislu rafrænna skjalasafna.

Einnig var spurt um röksemdir undir þessum lið og svöruðu 18 þátttakendur af 123, eða 14,63%.

Þeir 18 svarendur sem komu með röksemdir og nefndu m.a. eftirfarandi; „af því að skjöl eru meira og minna orðin aðeins rafræn“, „allt of kostnaðarsamt að geyma á pappír“, „best að varðveita öll slík gögn á einum stað“, „einfaldara að senda rafrænt, sem og að halda utanum allt“, „gífurlegur sparnaður í pappír, tíma og mannafla“, „ódyrara, tekur minna pláss og gerir alla gagnaöflun mun einfaldari og skilvirkari“, „rafræn gögn eru orðin mjög umfangsmikil í starfsemi borgarinnar og sífellt erfiðara að halda utan um varðveislu og skráningu þeirra“ og „það er mikill pappír sem fer í að ljósrita öll skjöl sem fara í Borgarskjalasafn, þannig mætti spara pappír“.

2.16.1 Könnun Þjóðskjalasafns Íslands 2012 og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa hjá ríkinu

Árið 2008 var lögfest ákvæði um skil á skjölum og gögnum á rafrænu formi í 6. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Þar segir að skjöl og önnur gögn á rafrænu formi skuli afhent skjalasafni²⁵ til langtímarvarðveislu „eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri“ að jafnaði. Miðað skuli við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls.

Rafræn skjalavarsla og skjalastjórn hefur aukist verulega á undanförunum áratugum hjá stofnunum og öðrum skilaskyldum aðilum. Í ljósi þess sem að framan hefur verið sagt um stöðu mála varðandi almenn skil (á pappír) afhendingarskyldra aðila vakna aftur á móti spurningar um hin rafrænu skil (kerfisóháðar vörsluútgáfur), þ.e. hvernig hefur til tekist hjá Þjóðskjalasafni Íslands frá árinu 2008? Hversu margir eru komnir með samþykkt rafrænt skjalavörslukerfi og hversu margir hafa skilað skjölum á rafrænu formi (kerfisóháðum vörsluútgáfum) úr slíkum kerfum til Þjóðskjalasafns?

Í könnun Þjóðskjalasafns Íslands 2012 kemur fram að af þeim 95 stofnunum (af 173) sem segjast nota rafræn skjalavörslukerfi (ath. ekki gagnagrunna) höfðu 70%, þ.e. 66 af 95, ekki tilkynnt kerfið til safnsins. Af þeim 29 stofnunum sem sögðust hafa tilkynnt kerfið kvaðst 21 stofnun vera með samþykkt rafrænt skjalavörslukerfi.²⁶

Í gögnum Þjóðskjalasafnsins kom aftur á móti í ljós að aðeins tvær stofnanir af 21 voru með samþykkt rafrænt skjalavörslukerfi, (þ.e. þau tilteknu kerfi sem voru tilkynnt og samþykkt).²⁷ Þannig að tvær stofnanir voru komnar með samþykkt skjalavörslukerfi af þeim 21 sem sögðust vera með samþykkt kerfi, eða 9,52%. Af þeim 29 stofnunum sem sögðust hafa tilkynnt rafrænt skjalavörslukerfi voru þá 6,90% með samþykkt kerfi.

Sé miðað við allar 95 stofnanirnar sem sögðust nota rafrænt skjalavörslukerfi við skjalavörslu, voru því aðeins tvær komnar með samþykkt rafrænt skjalavörslukerfi, eða 2,11%, árið 2012. Sé miðað við alla þá 207 aðila sem könnunin var send til þá höfðu 0,97% þeirra fengið samþykki fyrir rafrænu skjalavörslukerfi þegar könnunin var gerð.²⁸

Þessar tölur segja sína sögu um lagaákvæðið í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands sem tók gildi 2008, reglur Þjóðskjalasafns um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa frá 2009 og 2010 og raunverulega stöðu árið 2012.

²⁵ Þjóðskjalasafni eða héraðsskjalasafni sem uppfyllir skilyrði þjóðskjalavarðar um varðveislu rafrænna gagna sbr. *reglur Þjóðskjalasafns Íslands um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila* nr. 624/2010.

²⁶ *Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012* (2013), bls. 21-22, 24.

http://skjalasafn.is/files/docs/2012_skjalavarsla_rikis_konnun.pdf

²⁷ Sjá: *Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila* nr. 624 frá 2010.

²⁸ *Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012*, bls. 23-24.

